

Ársyfirlit 2023

Veiðifélag Ytri Rangár

Seiðaelisstöð að Húsafelli

Resktur seiðaelisstöðvar Veiðifélags Ytri Rangár að Húsafelli árið 2023 var í sömu skorðum og fyrri ár. Stöðvarstjóraskipti urðu í lok janúar og einkenndist árið því að nokkru af því að nýr stöðvarstjóri var að setja sig inn í rekstur stöðvarinnar og kynnst aðstæðum. Af þessum sökum voru skráningar og eftirlit ekki alveg eftir starfsleyfi en með heimsókn og leiðbeninigum frá Umhverfisstofnun hefur náðst að koma á góðu sambandi sem og bættum vinnubrögðum.

Við stöðina starfa þrír starfsmenn stöðvarstjóri og tveir almennir starfsmenn. Störfin felast í umhyrðu fiskis. Fjarlægður er dauður fiskur úr öllum kerjum daglega og ker þriffin. Í ársbyrjun snýst umhyrðan um hrogn frá hausti og þann fisk sem ræktaður hefur verið til afhendingar að vori. Útsettning seiða stendur yfir frá um miðjan maí fram yfir miðjan júní og eru notaðir fiskflutningabílar til þess verks ásamt því að stöðin hefur yfir að ráða flutningskössum líka. Sumarið fer svo í umhyrðu smáseiða sem og að um mánaðmótin júlí/ágúst eru keyrð út svokölluð sumaralin seiði til þeirra kaupenda sem þess óska. Það eru þá seiði frá hrognatöku haustið áður. Að hausti október/nóvember er hrognataka úr hrygningafiski sem komið hefur verið með úr laxveiðiám yfir sumarið og haustið.

Starfsemin árið 2023

Stöðin framleiðir eingöngu seiði af villtum stofni fyrir viðskiptavinni síma sem koma aðalega af Suður- og Vesturlandi. Haustið 2023 voru kreistar 321 hrygna úr sjö laxveiðiám. Sýni vegna BKD voru tekin af sérgreinadýralækni og þau greind í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Af þessum 321 sýni reyndust 9 vera jákvæð, það gerir tæplega 3% smit. Sýktum hrognaskömmtum var fargað.

Fjöldi laxveiðiá	Fjöldi sýna	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi smitraðra laxveiðiáa	Smittiðni
7	321	9	2	3%

Tafla 1 Sýni vegna nýrnaveiki

Í stöðinni er sjálfrennandi bæði heitt og kalt vatn úr uppsprettum og holum í eigin landi. Heitavatnið er sameiginleg eign nokkurra aðila á svæðinu og er notað til húshitunar sem og beint til eldisins. Vatnið er ómeðhöndlað að öðru leiti en því að í það er bætt örlitlu súrefni. Heildar súrefnisnotkunin á árinu var 36.620 kg. Affall vatns er leitt í settjörn og fer þaðan í

Kaldá. Vegna stöðvarstjóra skipta féll umhverfisvöktun á vatninu niður að þessu sinni en eftir ábendingar frá Umhverfisstofnun verður því kipt í liðinn fyrir árið 2024. Reynsla ársins sem og ábendingar benda til þess að settjörnin sé ekki að anna sínu hlutverki. Því verður hún stækkuð og henni breytt vorið 2024. Einnig verður affallinu út í Kalda breytt. Núverandi settjörn er tæpir 400 fm að flatarmáli en verður bæði stækkuð og dýpkuð. Áætlað er að þessu verki verði lokið í maí 2024.

Eldið fer þannig fram að hrygningafiskur er tekinn úr laxveiðiám hann geymdur í stöðinni fram að hrygningu sem á sér stað í október/nóvember. Þá er fiskurinn svæfður með Phenoxyetanol og hrogn tekin tekin úr honum til frjóvgunar. Hræin af hrygningafisknum eru flutt í Fóðurstöð Suðurlands til förgunar. Farið var með 2.550 kg af dauðfiski til þeirra haustið 2023.Hrogn eru þvegin upp úr joðlausn til sótthreinsunnar (Buffodine). Eftir klak hrognanna eru seiðin alin til sleppingar. Lítill hluti til sleppingar að sumri eftir klak (sumaralin seiði) en meiri hlutinn er alinn upp í gönguseiðastærð sem tekur ca 14 – 16 mánuði frá klaki. Afföll í eldinu eru lítil og fer sá fiskur til urðunnar hjá Íslenska Gámafélaginu að Fíflholtum á Mýrum. Yfir árið 2023 voru afföllin 300 kg sem gerir innan við eitt kílógram á dag. Einstaka sinnum kemur fyrir að baða þurfi hrogn og seiði upp úr formalín lausn t.d ef upp koma sveppasýkingar eða aðrar sýkingar sem áhrif hafa á fiskinn og valda auknum afföllum.

	Dauðfiskur til urðunnar (kg)	Dauðfiskur til fóðurgerðar (kg)
Íslenska Gámafélagið	300	
Fóðurstöð Suðurlands		2550

Tafla 2 Afföll og förgun

Fóðrun er klukkustýrð og tekur mið af hitastigi vatns og stærð seiðanna. Allt fóður kemur frá Laxá ehf og hefur fengið vottun þar. Heildar fóðurnotkun árið 2023 voru 42.000 kg. Stöðin hefur leyfi til 40 tonna hámarkslífmassa hverju sinni en það er ekki fullnýtt. Hámarkslífmassi vorið 2023 um það leiti sem byrjað er að keyra seiði út í sleppitjarnir laxveiðiáanna var 37.000 kg.

Fóðurnotkun (kg)	42000
Hámarks lífmassi (kg)	37000
Fóðurstuðull	1,14

Tafla 3 Fóður og lífmassi

Losun á fosfór var hærri en starfsleyfið segir til um eða 9,2 kg/tonn. Losun á köfnunarefni N reiknast út sem 47,4 kg/tonn.

Efnavörur til þrifa og sótthreinsunnar ásamt lyfjum er keypt hjá Veso ehf sem sérhæfðir eru í þjónustu við fyrirtæki í matvælaframleiðslu og eldi. Reynt er að notast við sem umhverfisvænastar hreinsivörur og hafa hlutföll blöndunnar sem nákvæmasta bæði með tilliti til umhverfis og meðhöndlunnar.

Efni	Magn (lítrar)
Formalín 37%	1320
Buffodine joð	1
Sápa Kenosan	22
Sótthreinsir Virocid	20
Deyfilyf Phenoxyethanol	4

Tafla 4 Efnanotkun 2023

Hafin er vinna við að koma upp skáp með læsingu fyrir mengunarvaldandi efni. Í úttekt UST haustið 2023 kom fram að geymslu á efnum væri ábótavant og því er vinna við að koma því í horf hafin og útlit fyrir að henni ljúki fyrir mánaðarmótin apr/maí 2024.

Lokaorð

Eins og fram kom í upphafi urðu stöðvarstjóraskipti í byrjun árs 2023. Starfsemi ársins einkenndist að hluta af því. Allir starfsmenn eru með menntun á sviði fiskeldis og einn í námi við Háskólann á Hólum að ná sér í aukna menntun og þekkingu. Engar kvartanir bárust stöðinni árið 2023 og hefur verið leitast við að rekstur hennar sé í sem mestri sátt við nærumhverfið.